

SAMBANDSMÁL

Defetiscor tormentis.

I

Sambands við andaheim geta menn ekki leitað, án þess að skaða sig, miðilinn sem hjálpar þeim, og þá sem þeir eru að leita sambands við. Meðan trúáð er á andaheim, þá eru ekki fyrir hendi hin réttu sambandsskilyrði, og það sem miðillinn segir fyrir munn sambandsverunnar, er allt meira og minna aflagað, en ósagt það, sem mestu varðar að vita. Að vísu er það rétt, þegar sagt er að dauðinn sé ekki endalok lífsins. Að vísu er það alveg satt, sem sagt hefir verið, að menn lifi þótt þeir deyi. Ekkert er manni, sem nokkuð að ráði er farinn að skilja í náttúrufræði, augljósara en það, að lifað er áfram. En það er í þessum heimi, sem lifað er áfram. Sjálft lífið, sjálft þetta ótrúlega skelfilega, þegar illa tekst, en þegar vel tekst, ótrúlega fagra, sem vér köllum líf, er þáttur í sköpun heimsins. Allir kraftar eru skyldir. Ein eru upptök þeirra allra. Krafturinn, sem heldur efnum stjörnunnar saman í mynd hnattarins, er kraftur sá hinn sami sem á æðra stigi heldur efnum úr stjörnunni saman í þeirri mynd sem vér köllum mannslíkama. Og tilgangur lífsins er einmitt að taka undir með hinum æðsta krafti í sköpun heimsins, verða heimssmiðnum samtaka.

II

Þegar menn hafa skilið þetta, sem nú var sagt, hætta þeir alveg að trúá á andaheim. Og þeir skilja, að maðurinn lifir áfram sem líkamleg vera. Þeir skilja að hið líkamlega á fyrir

sér að fullkomnast endalaust, fullkomnast að fegurð, fullkomnast að krafti. Krafturinn sem losnar við andlát mannsins hér á jörðu, líður fram til annarrar stjörnu, og gerir sér með tilstyrk skyldra vera og á þeirri undirstöðu sem öll hans lífgeislan hefir skapað honum, nýjan líkama úr efnum þeirrar stjörnu. Þess konar líkamsmyndun er ekki alveg ókunn á jörðu hér. Því að þetta sem menn hafa kallað materialisation anda, líkamsgerving eða líkamning, er einmitt af því tagi. En þó eru, hér á jörðu, lítil brögð að þess konar líkamsmyndun enn þá. Margir þykjast jafnvel mega vera vissir um að slíkt geti ekki átt sér stað. En sú sannfæring er röng og sprottin af ónógrí þekkingu á náttúrunni. Því meir sem menn kynnast náttúrunni, því víðar sem þeir skilja og dýpra, því merkilegri reynist hún. Hugleiðið þann mun, sem er á heimsþekkingu apans og mannsins, og hvorum muni virðast furðulegri náttúran. Og þó er munurinn á heimsþekkingu guðsins og mannsins ennþá meiri. En það sem best er í manninum og fegurst, svarar til apans, líkt og guðinn svarar til mannsins. Nafn apans er leitt af því, hvað hann kann illa að ganga; sbr. að vappa; nafn mannsins, af því að hann er uppréttur. En nafn guðsins af því að hann lýsir. Hann er svá fagr álitum ok bjartr, at lýsir af honum, segir um Baldr, í hinni helgu sögu.

III

Þegar þið horfið á stjörnurnar, þá getið þið verið þess alviss, að þar sem eru þessir tindrandi smáneistar í blámyrkri næturinnar, og þó raunar jötunsólir, sem ráða fyrir furðulegum jarðstjörnum, þar er ykkar framtíðarsaga. Og þar er ykkar framtíðar ríki. Þetta er hið sanna fagnaðarerindi. Hversu vesall sem þú nú kannt að vera, þá muntu í einhverri framtíð eignast allan heiminn. Og eignast hann í miklu fullkomnari merkingu en talað er um að eignast á jörðu hér. Heiminn, sem er svo stórkostlegur, að þó að í vetrarbrautinni séu sólir svo billjónum skiftir, — sólir svo jötunvaxnar sumar, að þær mundu fylla allt bilið milli sólar vorrar og jarðar — þá er vetrarbrautin aðeins örlítill hluti

heimsins. Og þó er það ennþá meira en að eignast allan heiminn, sem fyrir lífinu liggar á jörðu hér, svo vesalt sem það er ennþá. Í einhverri framtíð fær lífið hér þátt í hinni æðstu veru, verður sjálf hin æðsta vera. — Hin æðsta vera vill hefja oss upp til sín, breyta oss í sig, gefa oss sjálfa sig fullkomlega. Og er það grunur minn, að sú aflraun sé nokkru stórkostlegri en oss hér í Helvítí er farið að geta hugsast ennþá. Því að vér erum í Helvítí. Helvítí er ekkert annað en staður þar sem þjáðst er og þjáð. Staður þar sem ekki er í sannleika líf ennþá, þó að líf sé kallað, heldur aðeins tilraun til lífs. Tilraun sem alltaf mistekst. Og alltaf ver og ver, svo að þjáningin fer vaxandi, uns lífsmagnið dvínar á þeim hnetti.

En sjálft þetta, hvað þjáningin er ill, bendir til þess, hversu merkileg muni vera sú leið, sem villst er af, þegar þjáðst er. Að eyða allri þjáning, væri að sigra Helvítí. Í þá átt er það, sem verið er að segja af í sögu Baldurs, og er það mikið heillaleysi að halda, að sú saga sé ekki annað en stæling eftir gyðingasögum.

IV

Saga vaxandi þjáningar hefir saga lífsins verið á jörðu hér. Hin réttu sambönd skortir, samstillinguna við lífið á stjörnum, þar sem er í sannleika lifað. Þetta er það sem að er. Samband, samstilling er eðli lífsins. Hversu illa getur farið, þegar sambandi likamshlutanna er raskað. Mér eru í minni hin ógurlegu kvalahljóð manns, sem meiðst hafði, og bana beið, af því að þessir likamshlutar, sem við meiðslin höfðu slitnað úr réttu sambandi, fóru að rotna. Drep er slíkt kallað. En jörð vor er eins og rotblettur á heiminum, staður sem drepp er í. Hvíldarlaust á lífið á jörðu hér í stríði við rotnunina, og alltaf er það rotnunin sem sigrar. Á þessu mun verða breyting, ef hin réttu sambönd fást, og samstilling verður við hinar fullkomnari myndir lífsins. Og þar mun koma, þegar hin rétta leið verður farin, að einnig vor jörð, sem svo lengi hefir verið heimkynni hörmunganna, verður heimkynni ljómandi farsældar. En án þess að vita það, sem á Íslandi er

segja farið fyrst, getur þetta ekki orðið. Án þess að vita að á öðrum stjörnum eru fagrar og góðar verur, sem vilja efla oss og hjálpa, og án þess að vita, að á öðrum stjörnum er framhald lífsins, verður ekki komist á hina réttu leið, þá sem liggur til fullkomins sigurs á þjáning og dauða.

Hversu fjarri því fór, að aparnir forfeður vorir, sem fyrir milljón árum og meir, börðust svo merkilegri baráttu fyrir sínu lífi og voru, hefðu nokkurn grun af þeim höfuðsannindum, sem nú er farið að eygja, einnig á jörðu hér, eins og í blárrí fjarlægð. En eins sönn eru þau fyrir því, þó að vér höfum þau ekki þegið að erfðum frá þessum forfeðrum vorum, sem vér tökum þó því miður ekki fram ennþá, nema að sumu leyti.

V

Lesið þetta mál mitt vel, og hugleiðið vandlega. Og þið munuð finna, að orðum mínum fylgir kraftur nokkur og ekki lítill. Kraftur sannleikans er það, þess sannleika, sem svo erfitt er að finna í helvíti, og þó ennþá erfiðara að hafa fundið, meðan enginn vill þiggja. Því að einn maður, sem nædir á eiturgustur misskilningsins, er útilokaður frá sambandi við góða staði, hversu vel sem hann veit og vill. Þeim manni, sem fundið hefir þau sannindi, sem til sigurs munu leiða á helvíti, er helvíti erfiðara en áður, meðan enginn fæst til að þiggja. Gerið nú tilraun til að þiggja þau sannindi, sem hér er nokkuð af sagt. — Gerið þessa tilraun þúsundum saman. Reynið til að gera ráð fyrir, að ég sé ekki svo óvandaður eða svo ókunnandi, að ég fullyrði að ég viti það, sem ég veit ekki. Gerið þessa tilraun, og þið munuð skjótt finna, að á hugum ykkar verður breyting nokkur til batnaðar. Skilningur ykkar mun eflast, og vilji til hins góða. Hugir ykkar munu fara að geta notið áhrifanna frá hinum góðu verum miklu betur en áður. Og skjótt mun, þegar sannleikurinn verður þeginn, breytast aðstaða Íslendinga meðal þjóðanna. En þess þarf mjög með, að það verði kunnugt, hvers konar fólk það er, sem hér hefir svo lengi í álögum verið.

Fáið með tíu þúsund lesendur, sem vilja láta sér skiljast, að hér er verið að segja þau sannindi, sem breyta munu stefnu lífsins á jörðu hér. Og skemmtilega mundi sannast sambandið við góða staði. Hvílík breyting mundi verða á hugum manna og högum. Hversu slysum mundi fækka. Og sumar mundum vér fá, fegra en nú um aldir hefir yfir Ísland komið. En haldi menn, að ekki sé að marka það sem hér segir, þá auka þeir samband við illa staði, og flest mun hér þá halda áfram að ganga ver en varir. Sannleikurinn er geisli frá hinni æðstu veru, og sjálfir guðirnir geta ekki hjálpað þeim sem tigna lygi og villu, en lítilsvirða sannleikann.